

# Fundargerð 5. fundar

## Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 21. febrúar 2013

Árið 2013, fimmtudaginn 21. febrúar kl. 11.50 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík. .

Fundinn sátu: Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Í síma voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir, Róbert Ragnarsson og Guðný Sverrisdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, umsögn

Svanfríður kynnti drög að umsögn stjórnar um frumvarpið.

Stjórn felur starfsmanni félagsins að undirrita umsögnina og senda til atvinnuveganefndar.

### 2. Dagskrá málþings um auðlindir

Dagskrá málþings um auðlindamál sem haldið verður 14. mars 2013 á Grand hótél kl. 15.30 lögð fram. Málþingið verður haldið í samvinnu Samtaka orkusveitarfélaga, Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga og fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Málþingið mun bera yfirskriftina *Fiskur, orka og olía. Hvert á arðurinn að renna?*

Stjórn felur starfsmanni félagsins að auglýsa málþingið, setja upp skráningu og panta veitingar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.30.